


VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



ATHUGUN Á NORÐURÁ
Í SKAGAFIRÐI.

Sigurður Guðjónsson.
Ágúst 1983.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES
P.O. BOX 754—101 REYKJAVÍK ICELAND

Athugun á Norðurá í Skagafirði.

Sigurður Guðjónsson.

Ágúst 1983.

Inngangur.

Norðurá er dragá sem fellur í Héraðsvötn. Áin er 27 km löng og í hana falla nokkrar þverár, þeirra helstar eru Króká sem er 12 km og Egilsá sem er 19 km. Undanfarin ár hefur verið sleppt talsverðu af laxaseiðum í ána. Athugun þessi var gerð til að kanna árangur þessara smáseiðasleppinga.

Aðferðir.

Rafveitt var á 3 sleppistöðum (mynd 1). Seiði sem veiddust voru drepin og þau vegin og lengdarmæld. Auk þess voru kvarnir og hreistur tekið til að ákvarða aldur seiðanna. Holdastuðull (Condition factor) var reiknaður ($\frac{\text{þyngd}}{\text{lengd}^3} \times 100$) og segir hann til um holdafar seiðanna.

Hitastig og rafleiðni var mæld á nokkrum stöðum í ánni (tafla 1). Rafleiðnimælingar gefa hugmynd um styrk uppleystra næringarefna í árvatninu og þar með um frumframleiðni í ánni.

Niðurstöður og ályktanir.

Á öllum veiðistöðunum veiddust eingöngu bleikjuseiði. Virtist svipað magn seiða vera á öllum veiðistöðunum og fundust 3 árgangar (0 - 2 ára). Holdastuðull þeirra var $0,90 \pm 0,05$ sem er svipað og fyrir bleikjuseiði víða. Engin laxaseiði veiddust.

Sleppiseiðum nokkur þúsund að tölu var dreift á um 10 km svæði í ánni og er því varla að vænta að hægt væri að finna eitthvað af þeim seiðum. Því er ekki unnt að segja neitt með vissu um afdrif sleppiseiðanna eða vöxt þeirra í ánni. Út frá þeim upplýsingum er fyrir liggja er hinsvegar hægt að segja ýmislegt.

Áin er köld (tafla 1) og gætir áhrifa snjóbráðar langt fram eftir sumri. Það er því ljóst að seiði eru lengri tíma að ná göngu-stærð og þar með verða meiri afföll á seiðum.

Frjósemisforsendur árinna eru lakar sem sést á rafleiðni-mælingum (tafla 1). Leiðni var á bilinu 20 - 30 $\mu\text{S}/\text{CM}$ en best í Egilsá 40 $\mu\text{S}/\text{CM}$. Til samanburðar má nefna að leiðni í Vatnsdalsá sem er góð laxveiðia er á bilinu 90 - 100 $\mu\text{S}/\text{CM}$. Það sem helst veldur þessum mun er að Norðurá á upptök sín hátt í fjöllum og rennur að mestu leyti í gróðursnauðu umhverfi. Yfirborðsvatn rennur í næsta læk án þess að hafa næga viðstöðu í lífrænum yfirborðslögum og auðgast þannig af næringarsöltum. Lítið magn steinefna orsakar minna af þörungum og smádýrum sem lifa á þörungum. Minna af smádýrum þýðir minna af fæðu fyrir fiskinn. Áin rennur langan veg í Norðurárdal og er greinilegt að hún ryður sig og skipti oft um farveg. Allt þetta gerir seiðunum erfitt að lifa í ánni. Bleikjan er aftur á móti harðgerðari fiskur en lax og getur nýtt sér búsvæði í kaldari vatni. Eitthvað er þó af náttúrulegum löxum í ánni, því lax hefur veiðst í ánni. Þar sem áin er fiskgeng langan veg er sennilegt að ef áin gæti fóstað meira af laxi en nú er, þá væri meira af laxi í ánni, nema sú kenning sé rétt að klak og fyrsta ár seiðanna í ánni sé það sem takmarki afkomu seiðanna. Sýnt hefur verið fram á, að því lengri sem seiðin eru að hausti því líklegra er að þau lifi af veturinn (Hunt 1969). Í því tilfelli gætu sleppingar sumaralinna seiða aukið laxagengd í ána. Afföll slíkra seiða eru þó væntanlega mikil vegna þess að vöxtur er hægur.


Það verður að teljast vafasamt að ætla að slepping smáseiða af laxi komi til með að borga sig. Þó er rétt að athugaður verði vöxtur þeirra seiða sem sleppt var í sumar og sett voru þéttar í ána en áður til að hægt verði að finna þau.

Rafleiðni og hitastig í Norðurá.

Tafla 1.


Dags.	A	Staður	Kl.	Hiti. °C	Rafleiðni. v 25°C H 25(μ S/CM)
18/3	Egilsá	við brú	15 ⁰⁰	7,4°C	40
18/3	Króká	ofan við ármót.	16 ⁰⁰	7,5°C	24
18/8	Norðurá	ofan við ármót Krókar	16 ⁰⁰	6,8	24
18/8	Norðurá	við neðstu brú.	18 ³⁰	8,9	29

MYND 1 NORÐURÁ



MYND 2

ALDUR OG LENGÐARDREIFING
BLEIKJUSEIDA INORÐURÁ Í ÁGÚST 1983



HEIMILDIR.

Hunt, R.L. 1969. Overwinter survival of wild fingerling
brook trout in Lawrence Creek, Wisconsin. J.Fish.
Res. Board Can. 26: 1473 - 1483.